Verkalýðsblaðið

2. tbl. 11. árg. 1. mars 1982 Verð kr. 10,00

„Rógburður" á Akureyri

Verkalýðsblaðið hefur fyrir satt að ein þeirra aðferða sem Jón Helgason og fél. hafi notað til að klekkja á mótframbjóðendum sínum í Einingu hafi verið að dreifa leiðara í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins þar sem hvatt var til stuðnings við framboð Guðmundar Sæmundssonar og fleiri í Einingu.

Ekki er VBL svo viss um nema að þar hafi Jón & Co. haft erindi sem erfiði, enda sýna niðurstöður kosninganna að kosninganna að baráttustefnu vex fiskur um hrygg í Einingu. Við fögnum þeim óvænta áhuga sem íhald og kratar í Einingu hafa sýnt á að dreifa kommúnískum áróðri, vonandi verður þar framhald á.

Væntanlega munum við víkja nánar að kosningunum í Einingu í næsta tbl. Verkalýðsblaðsins.

óhs

Lærdómar verkfallsins á Kleppi og Kópavogshæli



Aðgerðir svipaðar verkfalli ófaglærðs starfsfólks á Kleppsspítala og Kópavogshæli eiga trúlega eftir að verða aftur, þar eða annars staðar, ef ríkjandi láglaunapólitík varir öllu lengur. Ég vil því draga saman nokkra lærdóma af verkfallinu, til hliðsjónar í síðari aðgerðum.

Umræður þurfa að hafa staðið nokkurn tíma á vinnustað svo allir starfsmenn séu sér meðvitandi um þær kröfur sem settar eru fram og hverjar fórnir þeir geti þurft að færa til að ná þeim fram. Þetta er skilyrði fyrir samstöðu eftir að í harðbakkann slær.

Ýmis framkvæmdaratriði þarf að skipuleggja, svo sem samastað fyrir verkfallsvakt og skipulagningu **allra** á vaktir, því nauðsynlegt er að fólkið sé í tengslum hvert við annað og fái þannig þann stuðning sem það nauðsynlega þarf. Þá þarf að gefa út verkfallsblað og herja á fjölmiðla svo fréttaflutningur andstæðinganna sé ekki allsráðandi og hræði ekki verkfallsfólk til uppgjafar og aðra frá stuðningi.

Hunsun stéttarfélaga og fljótfærnislegar hugmyndir um stofnun nýs stéttarfélags komu sér illa fyrir verkfallsfólkið. Stéttarfélög „eiga" ákveðin störf, vinnustaði eða svæði, þ.e. þeir sem þar vinna í viðkomandi stétt tilheyra ákveðnu stéttarfélagi. Stéttarfélögin geta því komið í veg fyrir að ófélagsbundnir eða klofningsfélög gangi í störf þeirra félagsmanna. Þessi réttindi eru verkalýðshreyfingunni nauðsynleg. Ný stéttarfélög ganga ekki í ASÍ eða BSRB án samþykkis þeirra sambanda og ýmis réttindi innan fyrri félags svo sem lífeyrisréttindi flytjast ekki sjálfkrafa í nýtt félag. Baráttuna á að heyja innan síns félags. Baráttuhópar innan stéttarfélaganna hafa náð ýmsu fram og þá þarf að efla.

Þáttur Sóknar og SFR í baráttu ófaglærðs starfsfólks á Kleppi og Kópavogshæli var slæmur. Fyrir aðgerðirnar var ekki hlustað á kröfur fólksins og á framkvæmdastjóra SFR mátti skilja að gæslumenn væru meðal þeirra sem félagið ætlaði ekki að vinna fyrir í komandi sérkjarasamningum. Þá hafði SFR látið það viðgangast að stöðum þeirra félagsmanna væri smám saman útrýmt á stofnununum. Bæði félögin dylgjuðu um brottrekstur verkfallsmanna úr fé-

Framhald á bls. 2

HEILBRIGÐISSTÉTTIRNAR LEITA RÉTTAR SÍNS

Á undanförnum 3 — 4 árum hefur hver starfshópurinn á fætur öðrum í heilbrigðisþjónustunni haft uppi kröfur um hærri laun og betri starfskjör sér til handa. 1977 sögðu hjúkrunarfræðingar upp í hópum, þótt ekki næðu þeir að halda þeirri ákvörðun til streitu. 1979 lögðu starfsstúlkur á Akranesspítala niður vinnu og voru Sóknarstarfsmenn í Reykjavík tilbúnir að fara að dæmi þeirra. Skemmst er að minnast ólgunnar sl. árs, svo og nýafstaðinnar deilu hjúkrunarfræðinga við Reykjavíkurborg.

Þessi óánægja á sér skiljanlega margvíslegar rætur en þó helst þær, að kjaralega hafa þessir starfshópar setið eftir á undanförnum árum miðað við aðrar starfsstéttir sem hafa sambærilega eða sömu menntun. Þá hefur komið inn í dæmið að starfsmönnum á heilbrigðisstofnunum er víða mismunað eftir því til hvaða kyns þeir teljast.

Undanfarin ár og áratugi hafa einmitt þeir starfshópar sem um er rætt átt í síðferðilegum erfiðleikum með að krefjast mannsæmandi kjara sér til handa. Gegndarlaus áróður um mannúðarstarf hjúkrunarfræðinga, Sóknarfólks o.fl. hefur að verulegu leyti haldið aftur að kjarabaráttu þessarra hópa. Stéttarfélög þeirra hafa lítið haft sig í frammi og verkföll ASÍ og BSRB hafa ekki verið látin ná til þessarra hópa.

Því er kannske von þótt upp úr sjóði nú. Og því er kannske von að þeir hópar sem rísa hverju sinni til baráttu reyni að grípa til allra þeirra ráða sem tiltæk eru hverju sinni. Sóknarfólk til beinna ólöglegra verkfalla en faglærðir starfsmenn til fjöldauppsagna.

Úrskurður kjaradeilunefndar um verkfall hjúkrunarfræðinga ætti ekki að hafa komið neinum á óvart. Þó verður að telja að hann hafi valdið hjúkrunarfræðingum hjá Reykjavíkurborg vonbrigðum, þar sem þeir höfðu ætlað sér að fara löglegar leiðir í kjarabaráttu sinni.

Úrskurður nefndarinnar er hinsvegar lexía öllum starfsstéttum í heilbrigðisþjónustunni. Hinn svokallaði verkfallsréttur er tæki sem jafngott er að láta ryðga uppi í hillum.

Ef starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar á að takast að ná fram réttmætum kröfum sínum verða þeir að treysta á ekkert annað en sjálfa sig, samstöðu sína og nýta þær baráttuaðferðir sem hendi eru næst. Það er hægt að ná fram kjarabótum með uppsagnaraðferðinni, þótt hún sé seinleg og það er hægt að ná fram kjarabótum með ólöglegu verkfalli. Annars er fjallað nánar um reynsluna af því síðarnefnda í annarri grein hér á síðunni.

óhs

4 síðna lesbók

Fylkingin og Kommúnistasamtökin staðfesta ágreining byltingarsinna — bls. 3

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ari Trausti Guðmundsson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14
Opnunartími: Alla laugardaga kl. 11 — 15
Sími: 2 92 12
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Giróreikningur: 12 200, Póstgíróstofan
Prentað í Offsetprent

Þegar mér er mikið mál...

Flest bendir til þess að raunverulegur verðbólguhraði hafi verið 50 — 60% á sl. ári þótt ríkisstjórninni hafi tekist að laga vísitöluhækkun framfærslukostnaðar að sínu marki þannig að hraðinn sýnist fjórðungi minni. Stjórnin ætlar að halda leiknum áfram. Sú ætlan og kröfur atvinnurekenda um meiri aðstoð réðu mestu um nýgerðar efnahagsráðstafanir. Þær voru eins og venjulega að langmestu leyti auðmagninu í hag. Fiskverðákvörðunin tók mið af áframhaldandi ölmusum til útgerðar af óskiptum afla og launahækkunin minnkar alls ekki vinnuálagið. Hvernig það getur svo samrýnst rányrkju sumra fiskistofna og frekari fjölgun fiskiskipa, er launafólki ráðgáta.

Gengisfellinguna greiða launamenn ofurverði vegna verðhækkanna sem ekki eru að fullu bættar. Viðskiptakjör við útlönd rýra yfirleitt verðbætur og þess vegna gera verðhækkanir erlendra vara illt verra. Og svo makka atvinnurekendur og verkalýðsforingjar um nýjan vísistölugrundvöll sem sýnilega á **ekki** að verka þannig að verðhækkun erlendis eða hækkun opinberrar þjónustu hækki kaup. Slíkt er andstætt öllum verkalýðssinnuðum hugmyndum um verðbætur.

Auknar niðurgreiðslur eru vondar tilfærslur á skattfé launamanna sem standa fyrir langmestu af skattatekjum ríkisins. Efnahagsráðstafanirnar minna á barnaþuluna ,,piss, piss og pelamál...'' En það er skammgóður vermir að pissa í skóna. Reynslan sýnir það.

Það mun ekki takast að klekkja á verðbólgu og því kerfi sem skapar hana, fyrr en atvinnuvegirnir eru stokkaðir upp og einkagróðinn gerður að minniháttar driffjöður. Til þess þarf marxíska pólitík og nýjan verkalýðsflokk meðfram lifandi verkalýðshreyfingu.

Vinnudeilurnar

Vita menn ekki af hverju hjúkrunarfólk er hætt að hlusta á kvakið um hina bljúgu og möglunarlausu Florence Nightingale, sem ráðamenn vilja láta vera fyrirmynd stritvinnufólks í heilbrigðisþjónustunni? Ef ekki, upplýsist hér með að ástæður eru þessar: Grunnlaun langt undir framfærslukostnaði smáfjölskyldna, vond vinnuaðstaða á sumum stofnunum, allt of fá stöðugildi á flestum stofnunum og hrikalegt vinnuálag. Ríkinu ber skylda til að leiðrétta þessa ósvinnu og Reykjavíkurborg enn frekar. Allt talið um vinstri stefnu er ómark, ef lífsnauðsynleg þjónusta er látin gjalda fjárskorts sem stafar m.a. af því að verið er að bruðla með framleiðslutæki handa gróðasöfnurum sem margir gætu brugðið sér til annarra landa með botnlangakastið sitt.

Enn hrikalegra er misréttið sem er undirrót deilnanna á Kleppi og Kópavogshæli. Hroki ráðuneytisins er dæmafár þegar skrifstofumenn þar vilja ekki ræða við fólk vegna samninga sem eru í gildi. Síðan hvenær gilda þau lög að starfsmenn megi ekki fara fram á leiðréttingu kjara milli samninga? Þröstur Ólafsson og hans líkar skipa ekki fyrir um gang kjaramála í landinu ennþá. Það má lýsa neyðarverkfall starfsmanna á Kleppi og Kópavogshæli ólöglegt, en það **er réttmætt** og sökin liggur beinlínis hjá valdsmönnum sem fara ekki að lögum, óskrifuðum og sjálfsögðum. Starfsfólkið sem vinnur erfið störf fyrir 5 og 6 þús. króna grunnlaun á vísan stuðning Kommúnistasamtakanna og miklu fleiri, verkfallsmenn jafnt sem Sóknarkonur.

BSRB og Sókn hafa sýnt gagnrýnisverð vinnubrögð. Með samstilltu átaki og aðstoð hefði átt að reyna fyrir löngu að koma á samningaviðræðum. Stór félög mega ekki vera afhuga vandamálum smárra starfshópa sem lenda í vandræðum. Um leið kann að vera rétt að gagnrýna verkfallsmenn fyrir hugmyndir um nýtt stéttarfélag og of lítil samráð við félög sín.

Langt er milli Asíu og S-Ameríku

Í 3. heiminum leika risaveldin sér að sjálfsákvörðunarrétti þjóða og tefla sitt valdatafl. Í tryggilegri fjarlægð sitja stjórnmálamenn á Íslandi og velja sér viðfangsefni meðal þeirra sem þjást — alveg eftir því hvað hentar í kjáklinu hér á skerinu. Og hugtökin í þjóðréttarmálum verða marklítil sbr. einn fréttamann útvarps sem ræddi um hvernig Víetnamar ,,frelsuðu'' Kampútseu!

Vissulega geta þjóðir átt í erjum og hvorug þó brotið sjálfsákvörðunarrétt hinnar í vopnuðum skærum. En nú fyrir skömmu gerðu ýmsir átak, þakkarvert og nauðsynlegt, í þágu þjóðfrelsismanna EL SALVADOR. Ekki höfðu þeir fyrir því að hafa samband við Kommúnistasamtökin og kannski einhverja fleiri. Hver skyldi vera tilgangurinn með því? Og af hverju El Salvador, en ekki **Eritreu** þar sem Sovétmenn leika sama leik og Bandaríkjamenn? Hvers vegna vill Alþýðubandalagið setja samasemmerki milli Póllands og Tyrklands? Eða hvar eru krókódílatárin úr Valhöll fyrir Tyrki og þá El Salvadorbúa? Og síðast en ekki síst: Nægja ekki uppundir ein milljón látinna og 3 milljónir landflótta í Afganistan til þess að hreyfa umræðum á Alþingi til nefndastofnunar, fjársöfnunar o.s.frv.?

Sannleikurinn er sá að borgaralegu flokkarnir fjórir eru hræsnisfullir sérhyggjuflokkar þegar sjálfsákvörðunarréttur þjóða er í veði. Það er einna helst Alþýðuflokkur sem er ögn skárri en hinir, uppá síðkastið.

Yfirlýsingar, fjársafnanir og heimboð erlendra gesta hingað sýna alla vega að Kommúnistasamtökin hafa vinning fram yfir önnur samtök í þessu efni, þegar á heildina er litið.

12.feb.— agé.

Tvær nytsamar bækur

Verkalýðsblaðið hefur því miður fjallað allt of lítið um forvitnilegar og nytsamar bækur. Ekki vantar þó viljann, mun fremur rúm og skrifendur.

Nú eftir áramót komu á markað tvær bækur sem sérhver framsækinn maður ætti að lesa.

Önnur heitir **,,GIUK-hliðið''** og er úttekt Gunnars Gunnarssonar á vígbúnaði risaveldanna, hernaðarstöðu Íslands o.fl. Bókin er ómissandi í baráttunni um öryggi Islands. Hún kostar 170 kr., er gefin út af Öryggismálanefndinni og fæst í bókabúð stúdenta, hjá Máli og menningu og bókaverslun S. Eymundssonar.

Hin bókin heitir **,,Frjálshyggjan''** Höfundur er hagfræðingurinn Birgir Sigurjónsson, útgefandi ,,Svart á hvítu'' verðið kr.269.- og fæst ritið í öllum bókabúðum. Höfundur greinir efnahagsstefnu frjálshyggjumanna, fjallar um stóriðju o.fl. og varpar um leið óþægilegu ljósi á ríkiskapitalisma verðbólgu og fleira sem manni sýnist að hitti í mark hjá einhverjum G-lista-mann [illegible], sem bisar nú við að gera við lekahripið þjóðarskútuna.

Væri ekki vanþörf á að bókaforlög gæfu út fleiri tímabundin en mjög þörf rit um stjórnmálabaráttu dagsins. Við biðjum um meira!

—agé.

Framhald af forsíðu

Eitthvað skylt með Willoch og Svavari?

Kåre nokkur Willoch veitir stjórn Hægri flokksins í Noregi stjórn með miklu trukki eins og sagt er. Stjórn þessi gengur mjög á skrokk á launafólki og saumar að félagsþjónustu ríkis- og sveitarfélaga, m.a. með afar strangri fjárskömmtun á sviði heilbrigðismála.

Eðalsteininn í kórónu Kára og Co. er herferð mikil sem hafin var um áramót. Markmið hennar er að ,,auka framleiðni með sparnaði, aukinni hagkvæmni, markvissari fjárfestingu og frjálsa samkeppni''. Hanga nú rsiafingur á veggspjöldum um allan Noreg er benda á launamenn (varla aðra?) og þar stendur:,, Þetta varðar þig''.

Fyrir skömmu greindi Verkalýðsblaðið frá ræðu Svavars Gestssonar á fulltrúaráðsfundi Alþýðubandalagsins. Hann sagði m.a. að helsta forsenda fyrir auknum kaupmætti væri...Já, það er satt:

Svavar nefndi ekki öflugri baráttu fyrir því að ná meiru úr vasa atvinnurekenda með núverandi skipan, heldur sagði hann nokkurn veginn það sama og Kári. Nú eru þeir heiðursmenn sjálfsagt ósammála um ansi margt í orði. En á borði eru þeir a.m.k. sammála um að nú sé mikilvægast að slá margar flugur í einu höggi. Launamenn skulu nú framleiða fleiri krónur fyrir hverja eina sem þeim er ætluð!

Skyldi þetta einhvern tíma hafa heppnast eða geta þeir Svavar eða Kári frætt launafólk á því hvað varð um alla kaupmáttarhækkunina sem aukin framleiðni undanfarna áratugi á að hafa fært því?

Hvort var það nú í stefnuskrá AB eða Höyre sem eitthvað stóð um stéttabaráttu....?

—agé.

AYUDA LA LUCHA DEL PUEBLO DOMINICANO*

Contribuyendo con la campaña de finanzas de la Unión Patriótica Anti-imperialista (UPA) y el Partido de los Trabajadores Dominicanos (PTD), apoyando así sus esfuerzos para unir a las fuerzas revolucionarias e impulsar la lucha de su pueblo contra la dominación del imperialismo yanqui.

Envía tu aporte a esta dirección:
Dr. Manuel W. Medrano Vásquez, Calle Duarte No. 256, Zona Postal No. 1, Santo Domingo, República Dominicana.

*La República Dominicana es un pequeño país del Caribe, que comparte con Haití la isla de Santo Domingo, una de las Antillas Mayores.

Farið fram á stuðning

Dóminíkanska lýðveldið er lítið ríki í Vestur-Indíum, sem deilir Santo Domingo-eyjunni með Haití. Þar hafa bandarískir hagsmunir löngum ráðið og alþýða manna lifir við kjör svipuð og gerist í Mið--Ameríku.

Verkalýðsblaðinu barst fyrir skömmu bréf frá Verkamannaflokki landsins sem er um þessar mundir að mynda breiðfylkingu til þjóðfrelsunar. Þar er farið fram á fjárstuðning eða stuðningsyfirlýsingar er senda má til þess manns sem getið er um í meðfylgjandi skjali. Okkur skortir mjög upplýsingar um flokk þennan og ástandið í Dóminíkanska lýðveldinu. Í von um að lesendur geti einhverjir aflað sér þeirra, birtum við áskorunina.Greinar í VBL væru og vel þegnar.

—agé.

Lærdómar..

lögunum og missi lífeyrissjóðsréttinda. Þá fríuðu bæði félögin sig allri ábyrgð og færðust undan eða neituðu að styðja verkfallsfólkið. Fyrir síðari aðgerðir verður að ná víðtækari samstöðu og sauma svo að stjórn viðkomandi stéttarfélags að hún spili sig ekki ,,stikkfrí''.

Ófaglært verkafólk verður að standa mjög vel að ólögmætu verkfalli ef það á að heppnast. Kemur þar m.a. til að um enga lögverndun starfs er að ræða eins og hjá faglærðum. Ef stéttarfélögin setja ekki bann á viðkomandi vinnustað getur hann því fengið annað fólk til starfa. Þessi hótun krefst miklu meiri samstöðu verkafólks en í öðrum verkföllum.

Sýnið aðgát, kynnið ykkur málin vandlega og skipuleggið ykkur vel.

Baráttukveðjur og gangi ykkur vel í næsta stríði.

-/ess

Fylkingin og Kommúnistasamtökin staðfesta ágreining byltingarsinna

— tilraun til skýringar

Félagar Kommúnistasamtakanna eru oft spurðir um afstöðuna til Fylkingarinnar — sem er lítið stjórnmálafélag í höfuðborginni er boðar ,,byltingarsinnaða stefnu 4. Alþjóðasambandsins. Samband þetta er margklofin samtök sem líta á Marx, Engels, Lenín og Trotskí sem helstu frumkvöðla sósíalismans. Oft fylgir líka spurningin: ,,Af hverju eru ekki allir vinstrisinnar í einum flokki?'' Hér fara svör ritstjóra VBL á eftir.

Því mörg samtök?

Hugtakið vinstri stefna er afar rúmt og í raun ekki meira sameinandi en hugtakið friðarsinni eða umhverfisverndarmaður. Þá má benda á að engin formúla finnst fyrir því um hvað menn skuli vera sammála til að mega stofna saman flokk. Aðalatriðið hlýtur að vera að einingin nái til þeirra grundvallaratriða sem gera flokkinn eða samtökin starfhæf í stéttabaráttunni. Þeim mun síður er eðlilegt að einn ,,hægri'' flokkur og einn ,,vinstri'' flokkur starfi í hverju landi en það er næsta sjálfsagt ef menn skilgreina hugtakið vinstri ekki nánar. Loks er ljóst að ekki má rugla saman samvinnu stjórnmálaafla og veru þeirra í sama flokki. Samvinnuskorturinn á Íslandi er greinilegt vanþroskamerki.

Hérlendis eru aðstæður þær að sósíalísk umræða og marxísk fræðsla hefur legið í láginni í áratugi. Fræðslustarf AB er nánast ekkert og Kommúnistasamtökin komast t.d. ekki lengra en í háðsglósudálk Þjóðviljans. Samtímis sjá margir eindregna hægriþróun félagshyggjuaflanna, fyrst Sósíalistaflokks, síðan AB. Róttækasta fólkið í landinu er annað hvort óvirkt í AB eða stendur utan þess. Það er óumdeilanlega lægð í byltingarsinnaðri baráttu. Ég tel orsökina fremur öfugþróun AB, heldur en skipbrot byltingarsinnaðrar fræðikenningar (sem þó þarf nýsmíði við). Hvað er þá eðlilegra en að mikill skoðanaágreiningur sé milli róttæklinga sem hafa að mestu hugsað málin í einangrun? Og hann minnkar síst nú þegar hugmyndaátök eru lítil.

Alþýðubandalagið sýnist ekki vera starfsvettvangur eða safnrétt fyrir byltingarsinna. Að skipulagi til er það venjulegur skrifræðis- og kosningaflokkur og óskar ekki eftir skoðanabaráttu allra sem falla undir hið óljósa vinstri hugtak. Auk þess hafa a.m.k. marxlenínistar ekki áhuga á að stunda klíkustarfsemi í flokki. Hvað er því eðlilegra en að byltingarsinnar — þeir sem hafna þingræðisleið til sósíalisma, andæfa báðum risaveldunum og standa fyrir stéttabaráttustefnu í verkalýðshreyfingunni — bindist samtökum? Stórir flokkar byrja oft sem litlir.

Eina leiðin til þess að safna saman sósíalistum og kommúnistum felst í því að efla hugmyndabaráttu, auka baráttusamvinnu, efla pólitísk samtök og taka þátt í stjórnmálabaráttunni.

Hvað um Fylkinguna?

Nokkrir félagar KS reyndu starf með Fylkingunni 1971-74 án teljandi árangurs. Grundvöllur hennar nú er helst óánægja með AB og boðun óhlutstæðra kenninga 4. alþjóðasambandsins, sem hafa mjög róttæknislegt yfirbragð og hitta í mark hjá námsfólki og háskólamönnum. Með þessu er átt við að stefnan tengist lítt Islandi (óhlutstæð), taki markmið fram yfir leiðir (róttæknisleg), taki sjaldan mið af afstöðu annarra en Fylkingarmanna sjálfra (ótaktísk) og nái helst til þeirra sem sýsla við fræðistörf (ekki sagt í háði). Marx-leninistar telja stefnuna þess utan ranga um afar margt.

Minnstur er ágreiningurinn um verkalýðsmál — sérstaklega kjarabaráttuna. Samtökin eru sammála í mörgu um: Hærri launakröfur, vísitölutryggingu, lýðræðiskröfur, harðari baráttuafstöðu og óháð verkalýðsfélög. Samtökin hafa verið ósammála um ,,hálaunafólk'' um samvinnu við ,,hægriöflin'' og um að merkja andófið í verkalýðsfélögum.

verkalýðsfélögum sem sósíalískt. Stundum hafa samtökin unnið saman.

Í sambandi við ríkisstjórnarmálin eru samtökin á öndverðum meiði. KS álíta alþýðunni í höfuðatriðum jafn mikið ógagn af ríkisstjórnarþátttöku ,,verkalýðsflokkanna'' sem stjórnarandstöðu, en Fylkingin leggur áherslu á kröfu um að þeir standi utan stjórna.

Samtökin greinir mjög á um eðli sósíalisma, um stjórnlist í baráttu fyrir sósíalísku þjóðfélagi og um skipulagshugmyndir um ríkisvald verkalýðsins. Því miður leyfir rúmið ekki að ágreiningurinn sé rakinn. Þá vilja Fylkingarmenn sjálfstæða skoðanahópa innan verkalýðsflokks, en KS eru því mótfallin.

Ágreiningurinn um sjálfsákvörðunarrétt þjóða er sérkennilegur. Svo virðist sem Fylkingin telji vörn hans vera ,,þjónkun við borgarastéttina''. Sama má segja um þá röngu skoðun Fylkingarinnar, að eitt ríki geti ekki verið sósíalískt fyrr en sósíalismi hefur sigrað á heimsmælikvarða. Í þessu liggur líka ágreiningur um eðli austantjaldslanda og afstöðuna til þeirra. Það er munur á ,,gölluðu verkalýðsríki á umbyltingarstigi''(Fylkingin) og ,,ríkiskapítalisma''(KS) enda vill Fylkingin verja austurblökkina gegn heimsvaldastefnu um leið og hún gagnrýnir þau. Í starfi leiðir þetta samtökin til þess að bera sífellt blak af öðru risaveldinu og standa í vegi fyrir að friðarhreyfingin taki í lurginn á Kremlverjum. Minna má þá á ágreining um Kína og um þjóðfrelsisbaráttu víða, sérstaklega ef Sovétríkin eiga í hlut. Samstaða er um úrsögn úr NATO.

KS hafa ekki álitið Fylkinguna valkost sem kommúnísk samtök, en geta unnið með henni að góðum málum og vilja deila við hana.

—agé.

Bækurnar um LENNON

Fyrri hluti

tónlist

Morðið á John Lennon í des. '80 hefur reynst bókaútgefendum hreinasta gullnáma. Vikulega koma á markaðinn nýjar metsölubækur um bítilinn dáða. Í þessum bókum kynnumst við tveim útgáfum af Lennon:

Í annarri útgáfunni er Lennon svo gott sem ópólitískur, eða í mesta lagi ,,saklaus friðarsinni'', en í hinni útgáfunni er hann snarklikkað fórnarlamb ennþá klikkaðri rauðliða. Rauðliða sem plata aumingja ruglaða Lennon til að boða sósíalíska byltingu og skera upp herör gegn bresku böðlunum á Írlandi.

Öllum bókunum ber þó saman um að Lennon var skarpgreindur, eins og seinni kona hans, Yoko Ono. En allt kom fyrir ekki; heimsku vondu rauðliðarnir drógu þau á asnaeyrum til stuðnins kvenfrelsi, kynþáttajafnrétti o.s.frv.

Í Lennon-bókunum er að mestu hlaupið yfir þær áratugalöngu ofsóknir sem Lennon mátti sæta af hendi bandarískra yfirvalda. Það er t.d. hvergi minnst einu orði á þann stóra bunka opinberra FBI-skýrslna sem fjallar um Lennon (að vísu er stærsti hluti bunkans yfirstrikaður).

Þá er hlutur morðingjans, Mark Chapmans, gerður einkar léttvægur. Þetta var einstakt gæðablóð, sannkristið o.s.frv. Það er hvergi minnst á þátttöku Chapmans í bítlaplötubrennunum sem Ku Klux Klan stóðu fyrir á sjöunda áratugnum þegar Lennon sagði að Bítlarnir væru vinsælli en Jesús og að Bítlarnir styddu heilshugar liðhlaupa úr morðingjaher Bandaríkjanna. Það er heldur ekki minnst á þátttöku Chapmans í útgáfu og dreifingu á flugritum þar sem Lennon & Bítlarnir voru fordæmdir harðlega eftir að Lennon sendi frá sér plötuna ,,Sometime In N.Y.City''. Í þessum flugritum var Lennon kallaður verkfæri djöfulsins. Þess er heldur hvergi getið að Chapman var í hópi þeirra hægriöfgamanna sem sendu Lennon af og til hótunarbréf eftir að Lennon settist að í ,,guðs eigin landi''.

Nei, í Lennon-bókunum er Chapman aðeins einlægur Lennon-aðdáandi, eins og við öll hin. Það fellur svo mikið betur að myndinni sem við **eigum** að hafa af vinsælasta (og áður fyrr hataðasta) poppara allra tíma, John Lennon.

—jGuð.

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: Kr. 10,00
Áskrift: Kr. 120,00
Stuðningsáskrift: Kr. 170,00
Áskrift til útlanda: Kr. 170.00
Giró: 12200-9

Verkalýðsblaðið

2. tbl. 11. árg. 1. mars 1982

2500 dauðadómar yfirvofandi

2500 Tyrkir eiga nú yfir höfði sér dauðarefsingu, þar af 52 verkalýðsleiðtogar. Margir þessarra manna hafa mátt þola miklar pyntingar í tyrkneskum fangelsum. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Osló sem fulltrúar tyrknesku verkalýðssamtakanna DISK héldu í síðasta mánuði.

KK. 20/1 '82

Utan úr heimi

Bissniss í Sviss

Af 1000 stærstu auðhringum heims eru um 600 annað hvort skráðir í Sviss eða í eigu svissneskra aðila. 183 af 200 þingmönnum svissneska þingsins eru í vellaunuðum stöðum hjá alþjóðafyrirtækjum eða stórbönkum. Það er kannske ekki að undra þótt viðskiptajöfrar og fjármálaspekúlantar, að ógleymdum harðstjórum víða um heim, fái að fara sínu fram án hnýsni yfirvalda þarna í fegurðinni milli svissnesku alpanna!

KK. 29/1 '82

Vopnaður friður í A-Þýskalandi

Fréttir hafa borist um vaxandi kúgun a-þýskra yfirvalda á friðarhreyfingunni þar í landi. Yfirvöld hafa að nafninu til stutt friðarhreyfinguna í V-Evrópu en a-þýsk friðarhreyfing nýtur ekki stuðnings að sama skapi. Það er athyglisvert að í mars halda æskulýðssamtök a-þýska kommúnistaflokksins ráðstefnu undir yfirskriftinni: „Friðinn verður að vernda — Friðurinn verður að vera vopnaður."

KK.15/1 '82

Engir kanar í Kína!

Talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins í Peking hefur vísað á bug fréttum japansks fréttablaðs að Bandaríkin reki hlustunarstöð við landamæri Sovétríkjanna í NV-Kína. Jafnframt sagði hann að fréttir sama blaðs um að bandaríkjafloti hafi birgðastöðvar í kínverskum höfnum séu hinn versti rógburður.

KK. des. '81

Skyldleiki Póllands og Bólivíu

Fyrir nokkrum manuðum upplýsti norska ríkisútvarpið að herforingjastjórnin í Bólivíu hefur fengið stuðning frá austantjaldslöndunum. A-Þýskaland, Pólland og önnur Comecon-lönd lánuðu 700 millj. norskra króna til uppbyggingar á samgöngukerfi Bólivíu. Sovétríkin voru eitt fyrsta ríkið til að viðurkenna herforingjastjórnina þar í landi, ásamt ríkjum eins og Ísrael, Paraguay, Argentínu o.s.frv. Auk þess reka Rússar tinverksmiðju í Bólivíu, eina þá stærstu í heiminum.

KK. des. '81

Menningarbylting og fólksfjölgun

Staða kínversks efnahagslífs er á sumum sviðum veikari nú en á 6. áratugnum. Þetta kom fram í Peking Review í sl. mánuði. Framleiðsla 22 af 55 mikilvægustu iðnfyrirtækjum er minni að gæðum nú en áður. Tímaritið benti á að ör fólksfjölgun síðan 1949 sé ein af ástæðunum. Önnur orsök eru taldar villur sem gerðar voru í menningarbyltingunni.

KK.18/1 '82

Haukur Már til Kabúl?

Heimsfriðarráðið heldur því fram að það sé hlutlaust, opið fólki frá öllum löndum og stjórnmálahreyfingum. Í þessu ljósi er athyglisvert að:

- 1975 gaf ráðið Brésnef friðarorðu sína.
- 1979 studdi ráðið innrás Víetnam í Kampútseu.
- 1979 sagði forseti ráðsins að friðarsamtök sem taka afstöðu gegn Sovétríkjunum væru ekki raunverulegar friðarhreyfingar.
- Næsti fundur heimsfriðarráðsins verður haldinn í Kabúl, höfuðborg Afganistan.

— Skyldi Haukur Már Haraldsson, formaður íslensku friðarnefndarinnar mæta?

KK. 20/1 '82

SKAMM- OG MEÐALDRÆG KJARNORKUVOPN Í EVRÓPU

	USSR *	USA-NATO
MEÐALDRÆG		
skeyti	SS20: 180 SS5: 50 SS4: 450	0
sprengjur	1040	
sprengjuflugvélar	Backfire:390	F III: 170 Vulcan: 50
sprengjur	860	710
kafbátar	óvist	Poseidon: 48 Polaris (Bretl.): 64
sprengjur		672
sprengjur alls	1900	1382
SKAMMDRÆG		
skeyti	SS12 og SS1: 416	Pershing: 108 Persh. (V-Þýskal.): 72
sprengjur	416	180
sprengjuflugvélar	MIG23: 700 SU 19: 230 SU 17: 640	F4, A6, A7: 540 Bretl.: 146 V-Þýskaland: 204
sprengjur	2440	1448
sprengjur alls	2856	1628
burðartæki alls	3056	1402
sprengjur alls	4756	3010

*Sovétríkin eru þau einu af aðildarríkjum Varsjárbandalagsins sem hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða. Þótt bandalagsríki þeirra geti samþykkt að sovésk flugskeyti verði sett upp á landi sínu.

Forge des. 1981



Mörgum þótti sjónvarpsþátturinn til stuðnings Pólandi heldur hræsnisfullur þegar þess er gætt hvað sumir þátttakendur hafa á samviskunni. Vissulega hafa Pólverjar mikla þörf fyrir stuðning og þeir geta ekki „valið um viðhlægjendur".

Hér er álit norska teiknarans M. í dagblaðinu Klassekampen. Litli karlinn er Willoch, forsætisráðherra Noregs, en naggurinn til vinstri við hann segir: „Nú er að kveikja á sjarminum."

RUKKUNARHORNIÐ

Bara fyrir þá sem vilja ekki blaðið

Undanfarið hálft ár hefur verið unnið að því að leita í gömlum skrám að fólki sem einhvern tíma var áskrifendur annað hvort að Verkalýðsblaði Eikml eða Stéttabaráttunni. Leitað hefur verið að nýjum heimilisföngum fólks í þjóðskrá og símaskrá því að alltof margir hafa trassað að tilkynna flutning sem þó er fyrirhafnarlítið: Aðeins að fylla út spjald á pósthúsi sem sent verður í Box 5186, 125 Rvík, ófrímerkt.

Ef einhver sem nú er nýfarinn að fá blaðið (eða hver annar áskrifandi sem er) vill ekki fá blaðið, eða telur sig hafa sagt því upp, biðjum við þann hinn sama að hringja í síma 29212 kl. 11 — 15 á laugardögum.

Það sparar okkur fyrirhöfn og ykkur ónæði þegar rukkari knýr dyra á húsi ykkar. Við biðjumst velvirðingar á mistökum okkar ef þau hafa orðið.

Áskrifendaskrá VBL

Rukkun gjalda '82

er að hefjast á Reykjavíkursvæðinu. Þeir sem enn skulda 1981 eru fáir en þeir eru samt beðnir um að borga gíróseðla sem þeir hafa fengið senda heim til sín og ef þeir hafa ekki fengið gíróseðla senda, þá borga samt á gíróreikning nr. 12200-9 hjá Póstgíróstofunni en það er hægt í hvaða banka sem er. Gíróseðlar fást þar.

Grunnárgjald á Íslandi er 120,- krónur en hækkar eftir 1.júlí á svipaðan hátt og útvarpsgjaldið.

Gíróseðlar hafa verið sendir sumum áskrifendum og verða sendir fleirum, t.d. ef náðst hefur í 80% íbúa í einhverju hverfi þá er restinni gjarna sendir gíróseðlar.

Áskrifendur úti á landi og í Hafnarfirði munu líklega verða rukkaðir með póstkröfu í vor eða haust ef þeir hafa ekki greitt af sjálfsdáðum inn á gíróreikninginn okkar.

Verð til áskrifenda erlendis er 170,- krónur fram til 15. apríl. 1.maí-blaðið verður sent í póstkröfu þeim sem ekki hafa borgað þá.

Með innheimtukostnaði verður sú póstkrafa 200,- krónur. krónur.

Og að lokum: MUNIÐ AÐ TILKYNNA BREYTT HEIMILISFANG!

Til áskrifenda sem teknir voru af skrá sl. haust

Þið munið fá þetta tölublað eins og skýrt var frá í síðasta tölublaði. Um svipað leyti fáið þið póstkröfu upp á kr. 100,- til lúkningar skuldar ykkar. Gert er ráð fyrir að áframhaldandi áskrift nema þið takið annað fram. Látið okkur vita ef þið viljið fá 9.—12. tbl. síðasta árs (þ.e.1981) send því að takmarkað upplag er til af 11. — 12. tbl.

Rukkunarstjóri